

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
Verkfræðingafélags Íslands
og
Stéttarfélags byggingafræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags byggingafræðinga, miðvikudaginn 23. maí 2023.

Mætt voru:

Fyrir hönd félaganna: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Ari Sigfússon.

Fyrir hönd sambandsins: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

1. Misræmi á launatöflum

Starfsmati er ætlað að meta störf þannig að sömu laun séu greidd fyrir störf sem falla undir sama stigafjölda samkvæmt tengitöflu starfsmats.

Það starfsfólk sem er í launaflokkum 160 til 162 samkvæmt launatöflu VFÍ og SFB og er í starfsmati, fær umtalsvert lægri laun en ef það væri á launatöflu BSRB.

Niðurstaða:

Frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 verður því starfsfólki sem er í Verkfræðingafélagi Íslands og í Stéttarfélagi byggingafræðinga, er í störfum sem raðast samkvæmt starfsmati og er í launaflokkum 160 til 162 í launatöflu starfsmats, greidd önnur laun samkvæmt töflu 1 fyrir fullt starf til þess að jafna launamun þeirra sem eru í launaflokkum á bilinu 160 til 162 í aðildarfélögum BSRB.

Um er að ræða mánaðarlegar fjárhæðir sem greiddar eru út samningstímann eða þar til annað verður ákveðið. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Tafla 1

Launaflokkur	Önnur laun
160	5.183
161	3.992
162	1.266

Fleira ekki gert.